

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/396*  
*komudagur 7.11.2012*

Alda - félag um sjálfbærni og lýðræði  
Brautarholti 4  
105 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu  
194. mál, 141. löggjafarþing, þingskjal 197.

Reykjavík, 7. nóvember 2012

Alda telur nauðsynlegt að gerðar verði nokkrar breytingar á frumvarpinu.

*Um 2. gr og 9. gr. frumvarpsins:* Í ljósi þess að Ríkisútvarpið er í almannaeigu og skal starfa í almannapágu telur Alda rétt að hverfa frá því rekstrarformi, opinberu hlutfafélagi, og móta nýtt rekstrarumhverfi fyrir stofnunina. Alda telur að best færi á því að daglegur rekstur stofnunarinnar sé með lýðræðislegum hætti, þannig að hver starfsmaður hafi eitt atkvæði. Fjölmörg fjölmiðlafyrirtæki eru samvinnufélög, má þar nefna Associated Press og New Internationalist. Lýðræði og valddreifing draga úr líkum á því að valda safnist á hendur fárra.

Mikið hefur verið rætt um nauðsyn þess að koma á múrum milli ritstjórna og eigenda fjölmiðla, hvort sem það eru stjórnámálamenn eða fjármagnseigendur. Lausn þessa vanda felst í lýðræðisvæðingu þar sem starfsmennirnir fara sameiginlega með völdin. Þá er hugsanlega rétt að yfir RÚV sé stjórn eða fagráð til ráðgjafar stofnuninni. Margar opinberar stofnanir víða um heim hafa ráðgjafanefndir eða fagráð sér til halds og trausts við ákvarðanatöku og stefnumótun. Slíka yfirstjórn (eða fagráð) mætti skipa fulltrúum fagfélaga á sviði blaða- og fréttamennsku, félaga á sviði menningar og lista, vísindamönnum úr háskólasamfélaginu og almenningi.

Gera skal breytingar á lögnum til þess að ná framangreindum markmiðum.

Fyrir hönd stjórnar Öldu,  
Guðmundur D. Haraldsson  
[www.alda.is](http://www.alda.is) - s. 8968867